

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	5. maí 2022	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	SJ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir (BP), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF) og Gylfi Ólafsson (GÓ),		

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 5. maí 2022

### 1. Fundargerð 7. apríl 2022

Fundargerð stjórnarfundar 7. apríl 2022 samþykkt.

### 2. Aðalfundur 19. maí 2022

Farið yfir drög að dagskrá. Búið að fá fundarstjóra. Athuga þarf stöðuna á framboðum til stjórnar hjá kjörnefnd. DH mun gera drög að skýrslu stjórnar. DH mun bjóða fulltrúum KMR að sitja erindi og umræður í upphafi fundar.

### 3. Vinnufundur um endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna

Fyrirhugaður vinnufundur um endurmat á grunnmatinu með fulltrúum kjara- og mannauðsýslu ríkisins er 24. maí nk. Nokkrir félagsmenn hafa boðið sig fram til þátttöku.

### 4. Breytingar á reglum um fyrningu orlofs

Upplýst um það sem fram kom á síðasta samráðsfundi með kjara- og mannauðsýslu ríkisins en þar kom m.a. fram að uppsafnað orlof í þessu sambandi verður ekki greitt út.

Farið yfir niðurstöðu könnunar félagsins um stöðu á orlofi félagsmanna. Hugmynd um að fá vinnuréttarsérfræðing til að skoða þetta mál fyrir forstöðumenn. Eins væri áhugavert að skoða hvers konar stofnanir þetta eru sem forstöðumenn með óhóflega mikla orlofssöfnun stýra. Ákveðið að fresta frekari ákvörðunum í þessu sambandi og jafnframt að fylgjast með hvernig sveitarfélögin ákveða að haga þessum málum.

## 5. Starfsþróunarsetur háskólamanna

Framhald frá síðasta stjórnarfundum. Ljóst er að forstöðumenn eiga ekki rétt á einstaklingsstyrkjum úr Starfsþróunarsetri háskólamanna. Ekki talið tilefni til, að svo stöddu, að fá kynningu á styrkjarmöguleikum fyrir starfsmenn þeirra stofnana sem forstöðumenn stýra, þ.e. félagið er ekki vettvangur fyrir slíkar kynningar. Hver stofnun ákveður fyrir sig hvort að áhugi sé á að fá slíka kynningu.

## 6. Upplýst um málalok stjórnarsýslumáls fyrrverandi félagsmanns

Lögreglumáli fyrrverandi félagsmanns er lokið með niðurfellingu.

## 7. Umsóknir um starf framkvæmdastjóra

Nokkur fjöldi umsókna barst. Næstu skref rædd en KS og ÁÁ stýra ferlinu.

## 8. Upplýsa um það sem kom fram á síðasta samráðsfundi með KMR

Farið yfir það sem fram kom á síðasta samráðsfundi með KMR, þ.á.m. fyrirhugaða vinnustofu um endurmat á grunnmoti starfa.